

151. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 9. júlí 2012, kl. 20:00, á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Lára Gunnarsdóttir, Hinrik Hjartarson, Katrín Gísladóttir, Guðmundur Kristinsson. Auk þess sátu fundinn Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Deiliskipulag reitur B við Frúarstíg. Breyting á deiliskipulagi.
Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Tillagan verði grenndarkynnt fyrir eigendum húsa við Skólastíg nr. 1, 4, 5, 6 og 8. Engar athugasemdir bárust en óskað eftir að fella úr skilmálum að útveggir hússins geti m. a. verið múrhúðaðir að utan.
Nefndin leggur til að deiliskipulagstillaga verði samþykkt. Jafnframt verði fellt úr skilmálum deiliskipulagsins að hús geti verið m.a. múrhúðað að utan.
2. Skúlagata 21, breyting á útveggjaklæðningu og gluggum.
Magnús A. Sigurðsson sækir um leyfi til að fjarlægja plastklæðningu á útveggjum fyrir litaða bárujárnsklæðningu og endurnýja nokkra glugga sbr. bréf dags. 27.júní 2012.
Erindi samþykkt.
3. Aðalgata, vegstæði, framkvæmdaleyfi.
Stykkishólmsbær sækir um leyfi til að hefja vinnu á 20m löngum vegkafla á móts við Aðalgötu/Tjarnarás, sbr. teikningar frá Verkís dags. 15.06.2012.
Erindi samþykkt.
4. Hafnargata 5, Norska húsið. Staðsetning á skilti.
Alma Dís Kristinsdóttir sækir um f.h. Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla um leyfi til að staðsetja upplýsingaskilti 99,5x73,5 m austan megin við húsið í bæjarlandi. Skiltið mun standa á opnunartíma safnsins, frá sa. 1. maí til 30. september ár hvert.
Erindi samþykkt.

Lára vék af fundir undir 5.lið.
5. Laufásvegur 10, breytingar á útliti.
Anna Margrét Ólafsdóttir sækir um f.h. meðeiganda að endurnýja glugga ásamt að setja svalahurð á neðri hæð hússins, sbr. tölvupóst dags. 5.07.2012.
Erindi samþykkt.

6. Silfurgata 43, endurnýjun og hækkun á þaki.
Páll Þorbergsson sækir um að endurnýja þak og hækka, sbr. teikningu frá Guðmundi Óskarssyni dags. júní 2012.
Erindi samþykkt.
7. Nýrækt, viðbygging á fjárhúsi.
Þorsteinn Jónasson sækir um að byggja við núverandi fjárhús á Nýræktarsvæði, sbr. teikningar frá Benedikt Benediktssyni dags. 1.07.2012.
Erindi frestað þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu. Nefndin leggur til að þeirri vinnu verði hraðað.
8. Aðalgata 20, innkeyrsla og ljósastaur.
Gunnar Einarsson/Bjargey ehf, sækir um f.h. húseigenda Aðalgötu 20 að gangstétt verði lækkuð fyrir framan húsið til að breikka innkeyrslu. Og að ljósastaur verði færður að lóð Aðalgötu 22, sbr. tölvupóst dags. 9.07.2012.
Erindi samþykkt.
9. Ægisgata 11, útbyggður gluggi.
Lagt fram bréf frá Sverri Kristjánssyni um að byggja útbyggðan glugga í rými sem kallast bátaskýli sbr. uppkast teiknað af umsækjanda og bréf dags. 1.07.2012. Einnig er getið á um í bréfinu að erindi hans hafi ekki verið sinnt heldur frestað ítrekað og hefur hann nú „stíllt“ upp burðavirki fyrir glugganum á lóðinni, sbr. innsendar ljósmyndir.
Á fundi skipulags- og bygginganefndar haldinn þann 5. desember 2011 var erindið frá Sverri Kristjánssyni lagt fyrir með eftirfarandi afgreiðslu. „Veggur á lóðarmörkum verði brunaveggur. Samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar þarf að liggja fyrir áður en samþykki er veitt“.
Byggingarfulltrúi sendi bréf til Sverris um afgreiðslu fundarins þann 9. desember 2011. Umsækjandi hefur ekki orðið við þeirri kröfu að skila inn teikningum sem eru í samræmi byggingarreglugerð og afgreiðslu nefndarinnar á erindi um brunavegg á lóðarmörkum. Þar af leiðandi hefur kynning á erindi fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóðar ekki farið fram. Umsækjandi hefur nú þegar hafið framkvæmdir án leyfis og ber að fjarlægja “uppstillinguna” nú þegar.
10. Aðalgata 7 og 7a , lóðarmál.
Lagt fram til kynningar.
11. Stígar, skýrsla vinnuhóps um framtíðarskipulag gönguleiða.
Skýrsla lögð fram.
12. Skiltareglugerð, breyting.
Nefndin leggur til að reglugerðin verði endurskoðuð.

Fundi slitið kl. 22:05. -B.V.

